

2007100045

3511; 9310

Björgun ehf.
Gunnlaugur Kristjánsson
Sævarhöfða 33
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. febrúar 2008

/--

Efni: Efnistaka Björgunar ehf. af hafsbotni í Hvalfirði. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Björgunar ehf. að matsáætlun um efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði.

Skipulagsstofnun barst með bréfi VGK- Hönnunar, f.h. Björgunar ehf., dags. 12. nóvember 2007 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

Björgun ehf. Efnistaka af hafsbotni í Hvalfirði. VGK - Hönnun, Jarðfræðistofa Kjartans Thors. Nóvember 2007.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Reykjavíkurborg, Kjósarhreppi, Hvalfjarðarsveit, Faxaflóahöfnum, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnuninni, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, iðnaðarráðuneyti, Matvælastofnun (Landbúnaðarstofnun) -veiðimálastjórn, Orkustofnun, Siglingastofnun, Umhverfissviði Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bærust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Reykjavíkurborg, með bréfi dags. 18. desember 2007, Kjósarhrepp með bréfi dags. 27. nóvember 2007, Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 7. desember 2007, Faxaflóahöfnum með tölvupósti dags. 28. nóvember 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 28. nóvember 2007, Hafrannsóknastofnuninni með bréfi dags. 22. nóvember 2007, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, með bréfi dags. 3. desember 2007, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, með bréfi dags. 3. desember 2007, iðnaðarráðuneyti, með bréfi dags. 8. febrúar 2008, Landbúnaðarstofnun-veiðimálastjórn, með bréfi dags. 21. nóvember 2007, Orkustofnun, með bréfi dags. 21. desember 2007, Reykjavíkurborg með bréfi dags. 18. desember 2007, Siglingastofnun, með bréfi dags. 5. desember 2007, Umhverfissviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 5. desember og Umhverfisstofnun með bréfum dags. 10. desember 2007 og

16. janúar 2008.

Athugasemdir bárust frá Önnu Maríu Örnólfsdóttur með bréfi dags. 4. desember 2007, Braga Friðrikssyni og Jóni Fr. Sigvaldasyni með bréfi dags. 30. nóvember 2007, Einari Indriðasyni með bréfi dags. 6. desember 2007, Guðmundi Oddgeiri Indriðasyni með bréfi dags. 4. desember 2007, Guðna Indriðasyni með bréfi dags. 6. desember 2007, Jóni Gíslasyni með bréfi dags. 4. desember 2007, Ólafi Kr. Ólafssyni og Guðrúnu Gísladóttur með tölvupósti dags. 27. nóvember, Ólafi Valberg með tölvupósti dags. 28. nóvember, Páli Ólafssyni með tölvupósti 12. desember 2007, Pálma Dungal með tölvupósti dags. 5. desember 2007, Sigurði H. Örnólfssyni með bréfi dags. 4. desember 2007, Sigurrósu Indriðadóttur með bréfi dags. 4. desember 2007, Sigursteini Jósefssyni með bréfi dags. 27. nóvember 2007, Vali Indriða Örnólfssyni með bréfi dags. 4. desember 2007, Þórunni Árnadóttur með bréfi dags. 4. desember 2007 og Örnólfi F. Björnssyni með bréfi dags. 4. desember 2007.

Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna og athugasemda með bréfum dags. 22. nóvember 2007, 4., 7., 10., 12., 27. og 28. desember 2007 og 18. febrúar 2008. Skipulagsstofnun bárust svör frá framkvæmdaraðila við spurningum stofnunarinnar með bréfi dags. 18. janúar 2008.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í umsögnum veiðimálastjórnar Landbúnaðarstofnunar, Fornleifaverndar ríkisins og Siglingastofnunar eru ekki gerðar athugasemdir við efni tillögu að matsáætlun. Í umsögn Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar kemur fram að stofnanirnar telji framlagða tillögu að matsáætlun ekki uppfylla kröfur 13. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum.

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Björgunar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum rágjafa Björgunar og vísað er til hér að framan og með eftirfarandi viðbótum, sem byggja á þeim umsögnum, ábendingum og viðbrögðum sem bárust vegna auglýsingar á tillögu matsáætlunar.

Framkvæmd og starfsemi

Í kafla 2.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um efnistöku af hafsbotni og lýsingu á framkvæmdum. Fram kemur að framkvæmdaraðili hafi í huga að breyta aðferð við efnistöku frá holudælingu yfir í yfirborðsdælingu í a.m.k. einni námu, Laufagrunnsnámu. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í matsáætlun þurfi að greina frá því hvernig hvor aðferð fyrir sig getur haft áhrif á botndýralíf og þurfi bæði að taka tillit til aðferðarinnar og tíðni efnistöku við mat á áhrifunum. Iðnaðarráðuneyti telur að fjalla þurfi um mismunandi efnistökuáðferðir og umhverfisáhrif þeirra í frummatsskýrslu. Í umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar er þeim tilmælum beint til framkvæmdaraðila að hann beiti frekar holudælingu en yfirborðsdælingu, þar sem með því raskist töluvert minna af flatarmáli sjávarbotnsins. Framkvæmdaraðili svarar því til að þegar niðurstöður úr rannsóknum á botndýralífi liggja fyrir verði metið hvort ástaða sé til að skoða nánar áhrif mismunandi dælingaraðferða og á þessu stigi sé ekki tímabært að taka ákvörðun um að hætta við yfirborðsdælingar á ákveðnu svæði. Í umsögn iðnaðarráðuneytisins er bent á að skv. 5. gr. laga nr. 73/1990 m.s.b., þurfi við veitingu leyfis að liggja fyrir upplýsingar um gerð efnis, magn og nýtingarhraða. Iðnaðarráðuneyti bendir einnig á að gera þurfi grein

fyrir starfssemi á landi, sem tengist framkvæmdinni, greint verði frá tilgangi framkvæmdanna, þ.e. hvaða þörfum efnistöku sé ætlað að mæta og mikilvægi efnistökkunnar fyrir aðra starfssemi.

Skipulagsstofnun tekur fram að í frummatsskýrslu þarf að lýsa báðum efnistökuáðferðum, ítarlegar en gert er í tillögu að matsáætlun. Þá þarf að koma fram hvaða aðstæður ráða því hvort framkvæmdaraðili kys að nota yfirborðsdælingu fremur en holudælingu og jafnframt gera grein fyrir því í frummatsskýrslu hvaða aðferð á að beita í hverri og einni námu.

Í frummatsskýrslu komi fram dýpt námuvinnsluvæða fyrir efnistöku og áætlun um dýpi að henni lokinni. Fram þarf að koma efnisgerð í hverri námu, magn efnis sem talið er að sé þar til staðar, hversu mikið áformað sé að vinna og nýtingarhraði. Nánari upplýsingar um gerð efnis, magn og nýtingarhraða kunna að þurfa liggja fyrir við leyfisveitingu. Auk þess þarf að greina nákvæmlega frá staðsetningu (með hnitsetningu) hverrar námu fyrir sig og fjarlægð frá landi. Hafi rannsóknir og athuganir leitt í ljós að einhverskonar áhrif námuvinnslnnar ná úr fyrir vinnslusvæðið sjálft þarf jafnframt að skilgreina áhrifasvæði hverrar námu fyrir sig, t.d með tilliti til gruggdreifingar og landbrots.

Staðháttalýsing og áhrif framkvæmda.

Í kafla 3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um staðhætti.

Í frummatsskýrslu þarf sérstaklega að gera grein fyrir verndarsvæðum, staðsetningu þeirra og forsendum friðunar. Þar með eru talin náttúruminjasvæði sem eru við strandlengju Hvalfjarðar og friðlýst æðarvarp; í nágrenni Bjarteyjarsands innst í Hvalfirði og við Andríðisey í mynni fjarðarins. Gera þarf grein fyrir verndarsvæði sem sett var á 1997 að ósk Kjósarhrepps, vegna áhrifa efnistökkunnar á Hvalfjarðareyri. Koma þarf fram hver var forsenda þeirrar friðunar og hver staða þessa svæðis er eftir að verndartímabilinu lauk. Þá þarf að koma fram í frummatsskýrslu staðsetning og umfang kræklinga- og fiskeldis sem hefur starfsleyfi í Hvalfirðinum.

Jarðfræði

Í kafla 3.1. í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðfræði og greint frá að í frummatsskýrslu verði í stórum dráttum gerð grein fyrir jarðfræði Hvalfjarðar, sérstaklega þeim þáttum sem varða efnistöku. Í umsögn Orkustofnunar er vísað til leiðbeininga Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) um stjórnun efnistöku af hafsbotni, varðandi efnistöku við umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum. Leiðbeiningarnar tilgreina m.a. 17 atriði sem varða lýsingu eðlisrænna þátta.

Skipulagsstofnun tekur undir með umsagnaraðilunum um að mikilvægt sé að umfjöllun um eðlisræna þætti námuvinnsluvæðanna og nágrennis þeirra komi fram.

Framkvæmdaraðili hefur svarað umsögn Orkustofnunar í þá veru að hann muni í frummatsskýrslu fjalla lauslega um tilurð setstins í jarðsögulegu samhengi, uppruna setsins, gerð efnis, kornastærðardreifingu setsins og útbreiðslu og rúmmál setsins. Í svörum framkvæmdaraðila við spurningum Skipulagsstofnunar kemur fram að líkanagerð Siglingastofnunar, vegna landbrotsathugana, byggir á sjávardýpi (fyrir og eftir efnistöku), kornastærð sets í námu og nákvæmum upplýsingum um úthafsöldu og vind.

Skipulagsstofnun telur því ljóst að framkvæmdaraðili muni geta gert grein fyrir flestum þeim eðlisrænu þáttum sem koma fram í leiðbeiningum Alþjóðahafrannsóknaráðsins og fer fram á skýra umfjöllun í frummatsskýrslu um þá þætti sem eru tilgreindir hér að framan. Umfjöllunin þarf að taka til hverrar námu fyrir sig.

Í umsögnum Orkustofnunnar og iðnaðarráðuneytisins kemur fram að talin sé nauðsyn á að gerð verði grein fyrir gæðum efnisins sem standi til að vinna. Framkvæmdaraðili svarar því til að hann telji að umfjöllun um efnisgæði eigi ekki heima í mati á umhverfisáhrifum og geti ekki fundið fordæmi fyrir slíkri umræðu á þessum vettvangi. Orkustofnun, sem sé eftirlitsaðili geti kallað eftir upplýsingum um eiginleika efnis og myndi slíkt þá flokkast undir framleiðslueftirlit en ekki vera hluti af mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun tekur undir þá skoðun framkvæmdaraðila og telur að á þessu stigi matsferilsins sé umfjöllun um gæði auðlindarinnar ekki nauðsynleg til þess að upplýsa frekar um umhverfisáhrif fyrirhugaðrar efnisvinnslu. Stofnunin telur þó eðlilegt að framkvæmdaraðili þurfi að geta gert grein fyrir gæðum einstakra náma á síðari stigum eða þegar kemur að leyfisveitingum.

Setflutningar. Í kafla 4.3.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um jarðfræði. Þar kemur m.a. fram að efnisgryfjur muni hafa áhrif á setflutning á svæðinu og verði tæpt á þeim þætti. Í stórum hluta athugasemda sem bárust vegna tillögu að matsáætlun komu fram áhyggjur manna af þeim breytingum sem orðið hafa á ásýnd strandlengjunnar. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um líkur á því að efnisvinnsla í einstaka námum hafi áhrif á setflutninga samsíða strandlengju og fjörum Hvalfjarðar.

Öldufar og landbrot. Í kafla 4.3.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um öldufar og landbrot, þar sem m.a. kemur fram að til að meta áhrif efnistöku Björgunar í Hvalfirði verði gerð reiknilíkön og lagt mat á hvort efnistaka á næsta leyfistímabili muni valda auknu landbroti í Hvalfirði. Í umsögnum Umhverfisstofnunar, Kjósarhrepps og Orkustofnunar koma fram athugasemdir vegna hugsanlegs landbrots í kjölfar efnistöku. Margar athugasemdir almennings snéru einnig að þessum þætti. Framkvæmdaraðili vísar í svörum sínum til þess að unnið sé að líkanagerð sem muni verða notuð við að meta áhrif framkvæmda á öldufar og landbrot. Fram kemur í svörum framkvæmdaraðila við spurningum Skipulagsstofnunar að líkanagerð Siglingastofnunar byggji á sjávardýpi (fyrir og eftir efnistöku), kornastærð sets í námu, nákvæmum upplýsingum um úthafsöldu og vind. Útreikningar Siglingastofnunar muni skila tölum um hækkun/lækkun öldu sem berst að landi á völdum stöðum við tiltekna breytingu sjávarbotnsins (aukningu dýpis). Í frummatsskýrslu sé fyrirhugað að greina frá þessum breytingum á ölduhreyfingu sundurliðað eftir einstökum (öllum) námum í Hvalfirði. Skipulagsstofnun bendir á að einnig þarf að fjalla um áhrif breytinga á ölduhreyfinga á ströndina, þ.e. landbrot.

Gruggmyndun. Í kafla 4.3.3 tillögu að matsáætlun er fjallað um gruggmyndun. Í athugasemdum Einars Indriðasonar er spurt hve langt áhrifasvæði efnistökkunnar muni ná út fyrir námurnar og svarar framkvæmdaraðili því til að fjallað verði um þennan þátt í frummatsskýrslu. Þá koma ábendingar fram í umsögn Orkustofnunar varðandi gruggmyndun við efnistökkuna. Framkvæmdaraðili hefur svarað því til að út frá fyrirliggjandi upplýsingum megi vel afmarka áhrifasvæði hvernar námu fyrir sig m.t.t. gruggmyndunar og meta vægi áhrifa í kjölfar þess.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á að í frummatsskýrslu verði litið til nýjustu heimilda, reynslu framkvæmdaraðila og gagna um ríkjandi hafstrauma þegar fjallað verður um afdrif gruggs og möguleg umhverfisáhrif þess. Stofnunin telur mjög mikilvægt að í frummatsskýrslu komi fram umfang gruggmyndunar og í ljósi þess skoðað hvort ástæða sé

til að afmarka frekar áhrifasvæði framkvæmdarinnar, sem nær þá e.t.v. út fyrir afmörkun sjálfra námuvinnslusvæðanna. Áhrifasvæðin gætu e.t.v. fallið innan netlaga eða verndarsvæða af einhverju tagi. Þá óskar Skipulagsstofnun eftir því að framkvæmdaraðili geri í frummatsskýrslu grein fyrir ástandi botnsins að efnistöku lokinni, þannig að fram komi hvort að þá megi búast við gruggmyndun/losun í sjónum frá efnistökusvæðinu vegna þess að fínt efni hefur lagst yfir svæðið á framkvæmdatíma eða undir efnistökusvæðinu sé fínkorna efnislög sem munu skila efni í sjóinn.

Líffræði og nytjar

Botndýrarannsóknir. Í kafla 3.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um líffræði. Fram kemur að samin verði greinargerð um botndýr í Hvalfirði á grundvelli umtalsverðra gagna sem til eru. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji nauðsynlegt að leitast verði við að skilgreina grunnástand lífríkis á botni Hvalfjarðar til þess að unnt sé að meta áhrif fyrirhugaðrar efnistöku og framvindu landnáms lífvera á þeim svæðum hafsbotnsins sem hefur verið raskað. Framkvæmdaraðili svarar því til að í ljósi þess að efnistakan hafi farið fram sl. áratugi í samræmi við lög og heimildir sé ekki hægt að ætlast til að mat á umhverfisáhrifum framkvæmda eigi við nema vegna efnistöku 2008 - 2018. Með tilliti til þess sé gengið út frá því að núverandi ástand sé grunnástand.

Fram kemur í tillögu að matsáætlun að sýnataka af botni mun annars vegar fara fram innan núverandi efnisvinnslusvæða og hins vegar af fyrirhuguðum efnistökusvæðum. Guðni Indriðason og Einar Indriðason gera m.a. athugasemdir vegna sýnatökustaðanna og velta fyrir sér hverjir þeirra teljist óraskaðir. Framkvæmdaraðili svarar því til að sýnatökustaðir 14, 15, 16, 18, 20 og 21 séu á ósnortnum botni. Í svörum framkvæmdaraðila við spurningum Skipulagsstofnunar um hvort áhrifa efnistöku gæti á þeim sýnatökusvæðum sem liggja næst efnistökusvæðunum, kemur fram að ekki sé ástæða til að ætla að þau svæði beri merki röskunar. Í Hvalfirðinum gæti áhrifa úthafsöldu úr suðvestri og vestri og nái fínefni að setjast í næsta nágrenni námanna sé ekki við því að búast að það sitji þar lengi. Þá sýni rannsóknir á hreyfingum hafsbotnssets við Reykjavík að fínefni setjist sjaldan til botns á 25 - 30 m dýpi. Umhverfisstofnun bendir á að öldurót og sjávarföll geti haft mikil áhrif á enduruppbyggingu lífríkis á röskuðum svæðum og það sama eigi við um botngerð og form námu. Því telji stofnunin nauðsynlegt að gerð verði grein fyrir mögulegum áhrifum þessa þátta á sýnatökustöðum, þannig að ljóst sé að um marktækan samanburð á milli raskaðra og óraskaðra svæða sé að ræða. Skipulagsstofnun telur í ljósi framangreindra athugasemda og ábendinga að í frummatsskýrslu þurfi að koma fram fjarlægð sýnatökusvæðis frá næsta núverandi efnistökusvæði og hvort og hvernig öldurót og sjávarföll hafi hugsanlega áhrif á flutning efna frá núverandi efnistökusvæðum að sýnatökusvæði þannig að skýrt sé að verið sé á marktækan hátt að bera saman röskuð og óröskuð svæði.

Í kafla 4.3.4 í tillögu að matsáætlun er fjallað um lífríki á hafsbotni og m.a. kemur fram að í umfjöllun frummatsskýrslu verði stuðst við botndýrarannsóknir sem gerðar voru árið 2007 á námusvæðunum á hafsbotni í Hvalfirði. Í ljósi þess að í nokkrum innsendra athugasemda fólust áhyggjur um breytingar sem orðið hafa á ástandi nokkurra nytjastofna í Hvalfirðinum, telur Skipulagsstofnun að umfjöllun um botndýralífið eigi auk varðveislugildis að fjalla um hlutverk þessara dýra í vistkerfi í næsta nágrenni námusvæða. Þar verði gerð grein fyrir hvort og þá hver hugsanleg áhrif efnistakan hafi á vistkerfið, sérstaklega ef nytjastofnar byggja að einhverju leyti afkomu sína á svæðunum. Í

frummatsskýrslu verði því ekki eingöngu fjallað um dýralífið á grundvelli fjölda dýra og hugsanlegs fágætis, heldur komi fram hvaða mögulegum hlutverkum dýrin gegna í vistkerfi svæðisins, þ.e. hverjar geti kallast lykiltegundir.

Áhrif gruggs á lífríki Skipulagsstofnun bendir á að í frummatsskýrslu þarf að tilgreina áhrifasvæði hvers efnistökusvæðis, m.t.t. gruggmyndunar. Fram þarf að koma m.t.t. skilgreindra áhrifasvæða, hvort innan áhrifasvæðanna séu þaraskógar og ef svo er greina frá hugsanlegu hlutverki þeirra í vistkerfi fjarðarins. Stofnunin telur þetta mikilvægt þar sem víða á grunnsævi er að finna þaraskóga sem gegna mikilvægu hlutverki í lífríki strandsvæða og eru mjög oft uppeldisstöðvar ýmissa dýrategunda.

Nytjar. Í kafla 3.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um fiskveiðar og að áætlað sé að fjalla nánar um skörun hagsmuna við efnistöku og fiskveiðar í frummatsskýrslu.

Skipulagsstofnun bendir í ljósi innsendra athugasemda um lúðumið við Laufafellsnámu og hrognkelsaveiðar í firðinum, að gera þurfi grein fyrir hugsanlegum áhrifum efnistökkunnar á þessar nytjar.

Í kafla 4.3.5 kemur fram að m.a. verði byggt á gagnabanka Hafrannsóknastofnunarinnar í umfjöllun um nytjastofna í Hvalfirði.

Skipulagsstofnun telur æskilegt að sá gagnagrunnur verði nýttur eins vel og hægt er. Jafnframt verði hugað að laxfiskum og hugsanlegum áhrifum efnistöku á þá og þar verði ekki eingöngu tekið mið af efnistökusvæðunum sjálfum heldur afmörkuðu áhrifasvæði hvernar námu m.t.t. gruggs. Umfjöllun og mat á áhrifum efnistökkunnar fjalli annars vegar um bein áhrif framkvæmda á stofnana og hvort og þá hvernig óbein áhrif geta orðið, vegna breytinga á lífríki fjarðarins (botndýralífs og hugsanlega þaraskóga). Gera þarf grein fyrir hugsanlegum áhrifum framkvæmdanna á fisk - og kræklingaeldi í nágrenni námuvinnslusvæðanna og fæðuöflunarsvæði æðarfugls, í nágrenni friðlýstra æðarvarpa.

Nokkrir þeirra sem senda inn umsagnir og athugasemdir óska eftir því að gerðar verði athuganir á því hversu mikil áhrif efnistaka framkvæmdaraðila hafi haft fram að þessu. Framkvæmdaraðili svarar því til að í ljósi þess að efnistakan hafi farið fram síðastli liðna áratugi í samræmi við lög og heimildir sé ekki hægt að ætlast til að umhverfismat framkvæmda miðist við annað en efnistöku 2008 - 2018.

Skipulagsstofnun telur að þar sem ekki liggja fyrir grunngögn um hvernig umhverfisástand Hvalfjarðar var þegar efnistaka hófst, verði aldrei hægt að meta að fullu umhverfisáhrif þeirrar efnistöku sem átt hefur sér stað. Aftur á móti bendir Skipulagsstofnun á að hluti þess mats sem nú á sér stað hlýtur að gefa vísbendingar um áhrif sem efnisvinnsla í Hvalfirði hefur haft, t.d. með því að bera saman botndýralíf innan núverandi námusvæða og utan þeirra og eins ættu líkanareikningar Siglingastofnunar að gefa vísbendingar um áhrif núverandi námusvæða á landbrot.

Orkustofnun og Einar Indriðason benda á að Skipulagsstofnun ætti að gæta þess að sömu aðilar séu ekki bæði að sjá um rannsóknir og veita umsagnir um sömu rannsóknir.

Skipulagsstofnun telur að í þeim tilvikum þar sem leita þurfi sérhæfðrar umsagnar, s.s. hjá Siglingastofnun, verði ekki hjá því komist að staða sem þessi komi upp. Skipulagsstofnun

hefur enga ástæðu til að ætla að rannsóknaraðilar sem jafnframt eru umsagnaraðilar slái af kröfum sínum eða vanmeti neikvæð áhrif um rannsóknir í tengslum við málið. Stofnunin telur að umsagnaraðilar, sem þetta á við um, séu fullfærir um að koma með ábendingar í umsögnum sínum, ef þeim sýnist að ráðast mætti í ítarlegri eða annars konar rannsóknir.

Tveir umsagnaraðilar, Orkustofnun og Umhverfisstofnun, komast að þeirri niðurstöðu að tillaga að matsáætlun vegna efnistöku af hafsbotni í Hvalfirði uppfylli ekki þær kröfur sem tilgreindar eru í 13. gr. reglugerðar nr. 1123/2005. Umsagnaraðilarnir telja m.a. að ítarlegri upplýsingar um grunnástand ýmissa umhverfisþátta þurfi að liggja fyrir. Framkvæmdaraðili hefur í svörum greint frá því að ítarlegri upplýsingar um grunnástand helstu umhverfisþátta muni koma fram í frummatsskýrslu. Skipulagsstofnun tekur undir að mikilvægt sé að góð lýsing á grunnástandi umhverfisins liggja fyrir í frummatsskýrslu, en telur að í þessu tilfelli sé ekki hægt að gera kröfu um að framkvæmdaraðili geti lagt fram jafn ítarlega lýsingu grunnþátta og umsagnaraðilar óska eftir. Athugasemdir Orkustofnunar byggja m.a. á leiðbeiningum Alþjóðahafrannsóknaráðsins og verður því að líta á þær sem slíkar og skoða með tilliti til aðstæðna. Í umsögn iðnaðarráðuneytis kemur fram að samning reglugerðarinnar sé hafin á grundvelli laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins nr. 73/1990 m.s.b.

Þær viðbætur sem Skipulagsstofnun leggur hér fram eru byggðar á grundvelli umsagna, innsendra athugasemda og viðbragða framkvæmdaraðila við þeim. Að því gefnu að viðbæturnar verða hluti af endanlegri matsáætlun, fellst Skipulagsstofnun á tillögu að matsáætlun.

Samkvæmt 3. mgr. 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. getur framkvæmdaraðili kært til ráðherra ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Þóroddur F. Þóroddsson

Rut Kristinsdóttir

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Reykjavíkurborg, Kjósarhreppur, Hvalfjarðarsveit, Faxaflóahafnir, Fornleifavernd ríkisins, Hafrannsóknastofnunin, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, iðnaðarráðuneyti, Matvælastofnun (Landbúnaðarstofnun) -veiðimálastjórn, Orkustofnun, Siglingastofnun, Umhverfissráðuneytið, Umhverfissvið Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnun. Önnu Maríu Örnólfsdóttur, Braga Friðrikssyni & Jóni Fr. Sigvaldasyni, Einari Indriðasyni, Guðmundi Oddgeiri Indriðasyni, Jóni Gíslasyni, Ólafi Kr. Ólafssyni & Guðrínu Gísladóttur, Ólafi Valberg, Páli Ólafssyni, Pálma Dungal, Sigurði H. Örnólfsyni, Sigurrósu Indriðadóttur, Sigursteini Jósefssyni, Vali Indriða Örnólfsyni, Þórunni Árnadóttur og Örnólfi F. Björnssyni.

